

Borgarráð 13. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um grisjun og gróðursetningu trjáa í Öskjuhlíð MSS2307005

Lagt er til að Reykjavíkurborg standi við skuldbindingar sínar um trégrisjun í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis. Metið verði hversu mörg há tré þurfi að grisja til að tryggja flugöryggi í tengslum við aðflug og brottflug frá austur-vestur braut flugvallarins (13/31). Jafnframt verði ráðist í mótvægisáðgerðir með gróðursetningu nýrra og lægri trjátegunda í Öskjuhlíð og nágrenni, t.d. birkis, í stað þeirra grenitrjáa sem óhjákvæmilegt er að grisja í þágu flugöryggis. Við þá gróðursetningu verði haft að leiðarljósi að svæðið verði fegrað og notagildi þess aukið í þágu almennrar útivistar.